

sveinninn ætlaði, að einhver klausturbúa hringdi bjöllunni, og rétti út eins manns verð. Hundurinn lét sér það að kemningu verða, og tók þegar til matar, og félst honum vel á. Næsta dag tók hann til sama bragðs, og þurfti þá ekki framár að biða annarra. Matsveinninn varð þess bráðum var, að heimtað var af honum einum skamt of mikið, og bar sig upp um það. Nú var farið að grenslast eftir, og að síðustu varð sú raunin á, að það var hundurinn, sem skamtinn heimti.

O

TIL GAMANS.

Hann hafði lært það seinna.

Faðirinn við drenginn sinn: Villi minn! Þegar eg var drengur, skrökvaði eg aldrei.

Villi: Hve nær lærðurðu það þá, pabbi?

Móðir við dreng sinn, sem búinn var að leika sér úti í skógi liðlangan daginn og kom heim líúinn og svangur: — Jæja þá, Beggi minn! Ætli þú sért nú búinn að fá nóga lyst á matnum þínum?

Drengur: Já, mamma! En hefir þú nógan mat fyrir lystina mína?

„*Æimreiðin*“, eitt fjölbreyttasta íslenska tímaritið. Kemr út í Kaupmannahöfn. Ritst. dr. Valtýr Guðmundsson. 3 hefti á ári, hvert 40 ct. Fæst hjá H. S. Bardal í W.peg, Jónasi S. Bergmann á Garðar o. fl.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnblaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „*Sam.*“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.